

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 209/2017

2019/EES/80/01

frá 15. desember 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefni þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/716 frá 10. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar fyrirmyndir að eyðublöðum sem á að nota fyrir upplýsingar sem eiga að koma fram í skráum yfir viðurkennd ræktunarfélög og ræktunarstarfsemi <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/717 frá 10. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir dýraræktarvottorð fyrir kynbótadýr og kímefni þeirra <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1422 frá 4. ágúst 2017 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til samræmingar og umbóta á aðferðum við prófanir á einstaklingseiginleikum og erfðafræðilegt mat á hreinræktuðum kynbótadýrum af nautgripakyni <sup>(4)</sup>.
- 5) Reglugerð (ESB) 2016/1012 fellir úr gildi, frá 1. nóvember 2018, tilskipanir ráðsins 87/328/EBE <sup>(5)</sup> 88/661/EBE <sup>(6)</sup>, 89/361/EBE <sup>(7)</sup>, 90/118/EBE <sup>(8)</sup>, 90/119/EBE <sup>(9)</sup>, 90/427/EBE <sup>(10)</sup>, 91/174/EBE <sup>(11)</sup> og 2009/157/EB <sup>(12)</sup> og tilskipun ráðsins 96/463/EB <sup>(13)</sup>, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum frá og með 1. nóvember 2018.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 171, 29.6. 2016, bls. 66.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 109, 26.4. 2017, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 109, 26.4. 2017, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 204, 5.8. 2017, bls. 78.

<sup>(5)</sup> Stjtuð. ESB L 167, 26.6. 1987, bls. 54.

<sup>(6)</sup> Stjtuð. ESB L 382, 31.12. 1988, bls. 36.

<sup>(7)</sup> Stjtuð. ESB L 153, 6.6. 1989, bls. 30.

<sup>(8)</sup> Stjtuð. ESB L 71, 17.3. 1990, bls. 34.

<sup>(9)</sup> Stjtuð. ESB L 71, 17.3. 1990, bls. 36.

<sup>(10)</sup> Stjtuð. ESB L 224, 18.8. 1990, bls. 55.

<sup>(11)</sup> Stjtuð. ESB L 85, 5.4. 1991, bls. 37.

<sup>(12)</sup> Stjtuð. ESB L 323, 10.12. 2009, bls. 1.

<sup>(13)</sup> Stjtuð. ESB L 192, 2.8. 1996, bls. 19.

- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun ráðsins 90/425/EBE) í hluta 1.1:

„– **32016 R 1012:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).“

2. Eftirfarandi er bætt við 3. lið (tilskipun ráðsins 89/608/EBE) í hluta 1.1:

„, eins og henni var breytt með:

– **32016 R 1012:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).“

3. Eftirfarandi er bætt við á eftir 7. lið (tilskipun ráðsins 96/463/EB) í hluta 2.1:

**„Öll kynbótadýr**

8. **32016 R 1012:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefni þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í VI. viðauka er eftirfarandi bætt við:

„29. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Noregs að Svalbarða undanskildum.“

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

9. **32017 R 1422:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1422 frá 4. ágúst 2017 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til samræmingar og umbóta á aðferðum við prófanir á einstaklingseiginleikum og erfðafræðilegt mat á hreinræktuðum kynbótadýrum af nautgripakyni (Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2017, bls. 78).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 34. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/712/EB) í hluta 2.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„35. **32017 R 0716:** Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/716 frá 10. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar fyrirmyndir að eyðublöðum sem á að nota fyrir upplýsingar sem eiga að koma fram í skráum yfir viðurkennd ræktunarfélög og ræktunarstarfsemi (Stjtíð. ESB L 109, 26.4.2017, bls. 1).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

36. **32017 R 0717**: Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/717 frá 10. apríl 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir dýraræktarvottorð fyrir kynbótadýr og kímfæni þeirra (Stjtíð. ESB L 109, 26.4.2017, bls. 9).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

5. Texti liðar 1a (tilskipun ráðsins 2009/157/EB), 2. liðar (tilskipun ráðsins 88/661/EBE), 3. liðar (tilskipun ráðsins 89/361/EBE), 4. liðar (tilskipun ráðsins 90/427/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 91/174/EBE) og 7. liðar (ákvörðun ráðsins 96/463/EB) í hluta 2.1 og 5. liðar (tilskipun ráðsins 87/328/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 90/118/EBE) og 15. liðar (tilskipun ráðsins 90/119/EBE) í hluta 2.2 fellur brott frá 1. nóvember 2018.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1012 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/716, (ESB) 2017/717 og (ESB) 2017/1422, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.